

7 Petta birtist hérmeð til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem
5. febr. hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. febr. 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

8

15. febr.

S A M Þ Y K K T

um

sýsluvegasjóð í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í Suður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Greiðir hann kostnaðinn við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Frá Þjóðveginum nálægt Veigastöðum, norður Svalbarðsströnd að brú á Fnjóská hjá Laufási og þaðan um Grenivík út að Finnastöðum. Af þessum vegi liggja álmur niður á Svalbarðseyri og um Höfða niður á Kljáströnd.
2. Frá Þjóðveginum hjá Hálsi út Fnjóskadal austan ár, ofan við Dalsmynni á veginn út í Grenivík.
3. Frá Þjóðveginum hjá Skógum suður Fnjóskadal vestan ár um Þórðastaðarvað yfir Fnjóská, suður að Sörlastöðum austan ár.
4. Frá Þjóðveginum hjá Krossi út Kinn hjá Yztafelli um dragferjuna á Skjálfafljóti fyrir Núp og á Þjóðveginn nálægt Tjörn í Aðaldal. Af þessum vegi liggur álma út Kinn að Geirbjarnarstöðum.
5. Frá Þjóðveginum við Torfhól suður Bárðardal vestan fljóts að Stóruvöllum.
6. Frá Þjóðveginum við Skjálfafljótsbrú suður austan fljóts að Bjarnastöðum.
7. Frá Þjóðveginum hjá Breiðumýri suður Reykjadal að Máskoti.
8. Frá Helluvaði um Skútustaði að Reykjahlíð.
9. Frá Þjóðveginum hjá Mýlaugsstöðum um Staði yfir Laxá á Brúum norður Hvamma að Yztahvammi.
10. Frá Brúum suður Laxárdal vestan ár og yfir ána á Brettingsstaðabrú.
11. Frá Þjóðveginum hjá Laxamýri austan Kvíslar að Hveravöllum.

12. Vegurinn um Húsavíkurkaupþún frá Hjarðarholti að sunnan til Baldurs-
haga að norðan.

8
13. febr.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar.

Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaupþunum.

Þó skal hreppsfélagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögætum sveitarfundum, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundar-
samþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattin-
um niður með útsvörum og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupþuni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt, að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því sem hann er ákveðinn að lögum.

4. gr.

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn hve hár vegaskatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minnst $1\frac{1}{2}$ af hverju þúsundi af virðingar-
verði skattskyldra fasteigna samkvæmt fasteignamati og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi rikissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, og lögum nr. 28, 31. maí 1927.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin að fengnum tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerða innan hrepps á því ári a. m. k. jafn miklu fé úr sveitarsjóði sem hálfum vegaskattinum nemur auk hreppavegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvega-
gjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

6. gr.

Heimilt er sýslunefndinni að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundr-
aðsgjald er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundræðsgjalds í einstöku hreppum má ekki vera meira en 30% herra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn eða aðallega í þágu hreppsins,

- 8 og heimilast þá sýslunefnd, að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvörðun sýslunefndar í hvert sinn.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim. Ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda. Á sama hátt má ívilna þeim kaupúnum, sem hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

8. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum ásamt áætluninni skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

9. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, og 2. gr. laga nr. 28, 31. maí 1927.

10. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. desember 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923 og lög nr. 28, 31. maí 1927.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, frá 10—200 kr., er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar samgöngu- og atvinnumálaráðherra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. marz þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. febrúar 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.